



ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	Frumvarp til breytinga á lögum um opinber innkaup nr. 120/2016 FJR24020074
Ráðuneyti /verkefnisstjóri	Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Innleiðing EES-gerðar?	<input type="checkbox"/> Já <input checked="" type="checkbox"/> Nei
Dags.	21.2.2023

A. Úrlausnarefni

1. Forsaga máls og tilefni.

Árið 2015 fór fram heildarendurskoðun á lögum um opinber innkaup sem byggja að verulegu leyti á Evróputilskipun nr. 2014/24/ESB um sama efni. Töluverðar breytingar voru gerðar á þágildandi reglum um opinber innkaup í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar íslenska ríkisins samkvæmt EES-samningnum. Helstu markmið frumvarpsins voru m.a. að tryggja gagnsæi, jafnt aðgengi og aukna samkeppni um opinbera samninga á Evrópska efnahagssvæðinu.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Eftir að frumvarpið varð að lögum haustið 2016 hefur komið í ljós að þörf er á að gera framkvæmd tiltekinna ákvæða markvissari til að þau stuðli að hagkvæmum og skilvirkum innkaupum. Einnig þarf að huga að betri samræmingu milli laga um opinber innkaup og gildandi tilskipana á þessu sviði þannig að ósamræmi skapist ekki við túlkun ákvæða hér á landi og á EES-svæðinu. Þá er einnig talin þörf á að endurskoða stofnanaumgjörðina um Ríkiskaup sem er í gildandi lögum.

3. Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Nauðsynlegt er að endurskoða ofangreind ákvæði til að þau nái tilætluðum markmiðum og verði markvissari í framkvæmd.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Stefna og markmið hins opinbera varðandi opinber innkaup er að tryggja jafnræði fyrirtækja, stuðla að hagkvæmni í opinberum rekstri með virkri samkeppni og efla nýsköpun og þróun við innkaup hins opinbera á vörum, verkum og þjónustu.

Jafnframt er unnið að því að auka skilvirkni opinberra innkaupa og draga úr viðskiptakostnaði allra viðskiptaaðila. Því er unnið að því að auka þátt rafrænna innkaupa á öllum stigum innkaupanna sem mun bæta skilvirkni þeirra ásamt því að veita stjórnvöldum betri miðlægar upplýsingar um hvernig fjármunum ríkisins sé varið.

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Markmið sem stefnt er að með þessari lagabreytingu er að tryggja að regluverk opinberra innkaupa styðji við stefnu hins opinbera í málaflokknum ásamt því að tryggja að ekki myndist ósamræmi við túlkun innlendra reglna við EES-rétt. Markmiðið málaflokksins er einnig að regluverkið stuðli að aukinni framleiðni í opinberri þjónustu til hagsbóta fyrir notendur, starfsmenn og skattgreiðendur. Fyrirhugaðar breytingar eru nauðsynlegar til þess að ná fram markmiðum stjórnvalda

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Ef ekkert verður aðhafst gæti skapast ósamræmi við túlkun innlendra regla við EES-rétt sem gæti einnig dregið úr þeim sveigjanleika sem lögnum var ætlað að tryggja. Þá er jafnframt mikilvægt að regluverkið komi ekki í veg fyrir sveigjanleika og skilvirkni stofnana og þeirra verkefna sem þær sinna á sviði opinberra innkaupa.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið.

Önnur úrræði en lagasetning koma ekki til álita til hægt sé að gera ákvæðið markvissari í framkvæmd.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Lagt er til að leggja fram frumvarp til breytinga á lögum um opinber innkaup sem felur í sér endurskoðun á afmörkuðum ákvæðum og köflum núgildandi laga.

D. Hvaða leið er áformuð og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni.

Útbúið verður lagafrumvarp til breytinga á núgildandi lögum um opinber innkaup til að tryggja markvissari framkvæmd tiltekinna ákvæði í núgildandi lögum.

2. Helstu fyrirhuguðu breytingar á gildandi lögum og reglum, hvort heldur bætt er við eða fellt brott

Fyrirhugað er að endurskoða eftirfarandi ákvæði með það að markmiði að gera þau markvissari í framkvæmd:

- Lagatæknilegar breytingar á ýmsum ákvæðum til að tryggja samræmi milli lagaákvæði og tilskipunarinnar sem lögin byggja.
- Endurskoða þarf 22. gr. laganna um samskipti og framlagningu gagna við útboð og önnur innkaup þannig að það samræmist betur þeirri þróun sem hefur átt sér stað varðandi rafrænar aðferðir á þessu sviði. Einnig þarf að endurskoða hvernig staðið er að birtingu upplýsinga við opnun tilboða í 65. gr. laganna þegar rafrænum aðferðum er beitt.
- Endurskoða þarf núgildandi ákvæði um keðjuábyrgð í 88. gr. a. til að ákvæðið nái tilætluðum tilgangi.
- Endurskoða þarf 90. gr. sem varðar breytingar á samningi á gildistíma þannig að það samræmist betur þeirri þróun sem hefur átt sér stað á túlkun ákvæðisins í dómafordæmum Evrópudómstólsins.
- Endurskoða þarf skilgreiningu á verksamningum í 4. gr. laganna þannig að það samræmist betur þeirri framsetningu sem kemur fram í gildandi tilskipunum um opinber innkaup. Stjórnvöldum hafa borist athugasemdir frá ESA hvað þetta varðar.
- Endurskoða þarf 56. gr. laganna er varðar birtingu tilkynninga til útgáfuskrifstofu Evrópusambandsins.
- Til skoðunar að endurskoða ákvæði um skipun kærunefndar útboðsmála í 103. gr laganna. Einnig að endurmeta fyrirkomulagið á því hvernig mál eru borin undir dómstóla sé ágreiningur áfram til staðar eftir niðurstöðu kærunefndar og hverjir taka til varna í slíkum málum.
- Endurskoða þarf fjárhæðamörk vegna útboðsskyldu innanlands sem er nánast orðin sú sama þegar kemur að útboðum á EES-svæðinu vegna gengisþróunar.
- Endurskoða þarf fyrirkomulag á hæfisyfirlýsingu bjóðanda og hvernig staðið sé að því að yfirfara hvort uppfyllt skilyrði séu fyrir hendi.
- Endurskoða þarf X. kafla laganna varðandi starfsemi innkaupastofnunar í samræmi við áherslur í opinberum innkaupum og samvinnu milli stofnana á þessu sviði. Stefnit er að því að auka sveigjanleika stofnana og þeirra viðfangsefna sem þau sinna ásamt framkvæmd þeirra þannig að regluverkið hamli ekki um of þeim áherslubreytingum sem nauðsynlegar eru hverju sinni til að styðja við áherslur í málaflöknum og ná fram aukinni skilvirkni stofnana á þessu sviði. Í tengslum við breytingar á X. kafla kann að vera þörf á að gera lagatæknilegar breytingar á einstökum ákvæðum í samræmi við breytta framsetningu kaflans.

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar
<ol style="list-style-type: none"> Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga? Áformin koma inn á þjóðréttarskuldbindingar samkvæmt EES samningnum enda byggir núverandi löggjöf á Evróputilskipun nr. 2014/24/ESB um opinber innkaup. Varða áformin ákvæði EES-samningsins um ríkisaðstoð, tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu eða frelsi til að veita þjónustu? Nei Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til? Nei
F. Samráð
<ol style="list-style-type: none"> Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar? Opinberar stofnanir, sveitarfélög og aðrir opinberir aðilar ásamt hagsmunasamtökum og einkum fyrirtækjum sem taka þátt í opinberum innkaupum. Er skörun við stjórnarmálefni annarra ráðuneyta? Nei Samráð sem þegar hefur farið fram. Samráð hefur átt sér stað við Ríkiskaup varðandi helstu atriði sem þarfnast breytinga. Fyrirhugað samráð. Stefnt er að formlegra og ítarlegra samráði við helstu hagsmunaaðila um nánari útfærslur.
G. Mat á áhrifum þeirrar leiðar sem áformuð er
<ol style="list-style-type: none"> Niðurstaða frummats á áhrifum, sbr. fylgiskjal Sjá fylgiskjal um frummat á áhrifum.
H. Næstu skref, innleiðing
<ol style="list-style-type: none"> Hefur verið gerð verkefnisáætlun fyrir frumvarpssmíðina? Já Hvernig verður staðið að innleiðingu löggjafar? Hvað má gera ráð fyrir að þeir sem verða fyrir áhrifum, opinberar stofnanir/hagsmunaaðilar/almennigur, þurfi langan tíma til undirbúnings/aðlögunar? Ekki er talið að þörf verði á löngum aðlögunartíma vegna fyrirhugaðra breytinga. Hvaða forsendur þurfa að vera fyrir hendi til að lagasetning beri árangur? Mælikvarðar á árangur og útkomu Hefur verið hugað að því að afla gagna til að meta árangur þegar þar að kemur? Stefnt er að því að afla frekari gagna á síðari stigum vinnunnar.
I. Annað
J. Fylgiskjöl
<ol style="list-style-type: none"> Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað Mat á áhrifum fylgir áformaskjalinu. Önnur fylgiskjöl eftir atvikum